- 1.2. Pursuant to the provisions of Art. 4.9. of the Articles of Association, the managing director is in charge of examining investment options, their initial evaluation, analysing the credit worthiness of companies, the preparation of investment decisions, the administration and sale of assets and follow-up on investments. According to Art. 4.10 of the Company’s Articles of Association, the Board of Directors of the Company is authorised to make contracts regarding asset management and other services on behalf of the Company, with entities which the Board of Directors deems eligible, where agreements are negotiated with an asset management entity for it to perform tasks in the field of asset management for the company, in addition to other tasks, according to instructions from the Company’s managing director and in consultation with the managing director.. The asset management agreement was signed in June 2019 between the Company and GAMMA Capital Management hf., ID no. 530608-0690-, Garðastræti 37, Reykjavík, (“**GAMMA**” or “**the Asset Management Entity**”) in which GAMMA takes on the function of Asset Management Entity of the Company (hereinafter referred to as “**Asset Management Entity**”). Prior to the signing of this agreement, Kvika banki hf. was the Asset Management Entity and GAMMA takes over that role from Kvika.
- 1.3. The purpose of this investment policy is to define the Company’s objectives regarding investment options, risk distribution, the life span of assets and return target with regard to risk and the liquidity of assets.
- 1.4. The Company's investment policy is determined by the Board of Directors of the Company and endorsed by shareholders in accordance with good business practices, taking into account the Company’s Articles of Association and terms in the market at any given time, with respect to the Company's return target and risk.

## 2. INVESTMENT POLICY

- 2.1. The Company’s main emphasis in its investments is on purchasing and financing in real estate development projects, in addition to which it is authorised to invest in companies in the construction industry and infrastructure development connected to real estate projects. The Company’s holdings in specific projects shall generally be in other companies, which the Company shall partly or wholly acquire, with limited liability for the owners. The leveraging in the Company’s investments is expected to be mostly within individual subsidiaries, although the Company is authorised to finance itself with borrowed capital. The Company shall have co-investors on individual projects if the Board of Directors of the Company and Investment Advisory Council deem this to be cost-effective for the projects in question.

- 2.2. In addition to the investment policy defined in Article 2.1, the Company is authorised to invest in the funding of companies in the construction industry through the purchase of claims and related security rights, provided that they have good operating records and a clearly defined policy for exiting projects and/or have a solid cash flow. The Company can also invest in mortgage deeds and other debt certificates, including loan agreements.
- 2.3. The Company's target return shall be defined as a nominal 16% annual return on equity. The Company's returns are expected to be volatile, since investments are being made in assets which may take time to develop and realise their value.
- 2.4. The Company's investments shall only be in the following forms:
  - 2.4.1. The equity of companies (share capital) that own plots of land or other real estate with the objective of obtaining an approved plan, engaging in earthworks and financing new constructions, ranging from the registration of plots to fully constructed real estate and everything in between, in addition to equity in companies engaged in operations connected to the construction industry, including infrastructure development related to real estate projects (hereinafter referred to as project(s)). The above reference to "project(s)" may refer to a project in the singular or projects in the plural.
  - 2.4.2. It is also expected that part of the investments may be in claims connected to construction projects.
- 2.5. The principal criteria when investing in claims, as appropriate and to the extent to which they can be negotiated in each case are:
  - 2.5.1. A focus on the market value and mortgageability of the assets and projects for which the loans are being granted.
  - 2.5.2. The Company shall always take collateral pledged against the assets or projects receiving the loans. This pledged collateral shall, all things being equal, be a first or second lien on the relevant asset. Collateral is understood as, among other things, mortgage collateral and liens on land.
  - 2.5.3. Care shall be taken to ensure that the equity ratio of the projects which are being borrowed for is at least 20-25% of the total value of assets at any given time.
  - 2.5.4. That the borrower's debt is acceptable with regard to cash flow and the underlying value of the Company assets.
  - 2.5.5. Financial conditions shall be laid down in the paperwork of the debt certificates, such as the minimum equity ratio in the project, progress of the project and other stipulations (e.g. a ban on further leveraging, pledging of assets, investments beyond the benchmarks etc.)
  - 2.5.6. Disclosure requirements shall be laid down in the paperwork of the debt certificates, such as monthly reports, annual accounts, interim financial statements and financial estimates.
  - 2.5.7. Call provisions shall be laid down in the paperwork of debt certificates, such as "cross-default", the sale of assets, pledging of assets, levy of execution, change in ownership, "key-man events" etc.

- 2.6. The Company's investments shall be in Icelandic companies with an emphasis on the construction industry and there is therefore no risk distribution between industrial sectors.
- 2.7. The Company is authorised to invest in companies connected to projects in real estate or infrastructure development.
- 2.8. The Company is authorised to invest with other entities, i.e. co-investors, in accordance with the decisions of the Board of Directors and Investment Advisory Council. The Company's shareholders shall be given priority in co-investments in proportion to their equity contributions, if they own at least 10% of the share capital in the Company.
- 2.9. The minimum investment in individual companies shall generally be no lower than ISK 50,000,000. The risk level is required to be acceptable, taking into account an analysis of operations, the balance sheet, cash flow and solvency etc. of the relevant company.

### **3. INVESTMENT AND FOLLOW-UP PROCESS**

- 3.1. The Investment Advisory Council shall be notified of any proposed investments, sale and/or other disposal of assets, including those that entail potential conflicts of interest in the form of the Company's business or those of the Company's counterparties with the Asset Management Entity, corporate division of Kvika and/or subsidiaries and/or sister companies and/or their employees and/or shareholders who own more than 10% of the Asset Management Entity. The approval of the Investment Advisory Council is a precondition for allowing these proposals to proceed cf. Article 3.5.
- 3.2. The investment process shall proceed as stipulated in Article 3.3 below.
- 3.3. The investment process, sale of assets and/or significant measures regarding the assets of the Company shall be articulated in five main phases:
  - (a) Filtering and analysis of projects.
  - (b) Presentation to Investment Advisory Council.
  - (c) Detailed presentation to Board of Directors.
  - (d) Making of contracts
  - (e) Implementation and supervision:
- 3.4. Filtering and analysis of projects: It is the role of the managing director, in collaboration with the Asset Management Entity, to explore and define the investment options on behalf of the Board of Directors.
- 3.5. Presentation to Investment Advisory Council: Proposed investments, sale of assets and/or other measures concerning them, cf. Article 3.1 above, shall be communicated to the Investment Advisory Council, which will determine whether the investment is suitable for the Company and meets its objectives. If two out of the three members of the Investment Advisory Council or their alternates approve the proposal, the managing director and, as the case may be, Asset Management Entity, shall be given the task of exploring the project further and it is then the responsibility of the managing director and Board of Directors of Kaldalón to bring it to a conclusion.
- 3.6. Making of contracts: It is the role of the Asset Management Entity, following instruction from the managing director, to work on further analysis of the project, seek external advice as appropriate (feasibility studies, valuation, paperwork etc.) and reach an agreement on the terms and conditions, subject to the approval of the Board of Directors.

- 3.7. Detailed presentation to Board of Directors. If the managing director requests it, the Asset Management Entity shall submit to the Board of Directors the investment proposal along with an assessment of whether the investment would yield financial benefits in accordance with the return and risk distribution objectives. The Board of Directors shall then determine its final position on the project.
- 3.8. Implementation and supervision: In connection with the Company's investments, it is the role of the Asset Management Entity, following instructions from the managing director, to oversee the paperwork and supervision, risk management and disclosure to the Board of Directors.
- 3.9. The Board of Directors, managing director and/or Asset Management Entity can at any given time, make proposals for the sale of assets, if the outlook indicates that the investment is not meeting the objectives that were set and/or a favourable offer is made for the Company's assets.

This investment policy was adopted at a Company Shareholders' Meeting in Reykjavík on 4 June 2019.

Legitimate investment policy confirmed by the managing director of the Company:

---

**ANNEX II:**  
**to the asset management agreement between Kaldalón hf. and**  
**GAMMA Capital Management hf., June 2019**

$$\hat{A}P = \text{performance-related fee} = (S - A) * 0.2$$

in which:

S= value of the Company's share capital on reference date of calculation

$$= \sum_{n=1}^N C_n * (1 + r)^{\left(\frac{tn}{360}\right)}$$

and

A= value of the share capital on reference date of calculation based on a minimum annual return of 16%

$$= \sum_{n=1}^N C_n * (1 + 0,16)^{\left(\frac{tn}{360}\right)}$$

N= Total number of payments

n= number of payment

C<sub>n</sub>=payment n (payouts to shareholders (payouts are minus figures))

r=annual return

t<sub>n</sub>= time in days from the date of payment C<sub>n</sub> to the reference date of the payout

**JÚNÍ 2019**

---

**EIGNASTÝRINGARSAMNINGUR**

---

á milli  
**KALDALÓNS HF.**  
og  
**GAMMA CAPITAL MANAGEMENT HF.**



**JÚNÍ 2019**

---

**EIGNASTÝRINGARSAMNINGUR**

---

á milli  
**KALDALÓNS HF.**  
og  
**GAMMA CAPITAL MANAGEMENT HF.**

ÞESSI SAMNINGUR er gerður þann 18. júní 2019 milli eftirfarandi aðila:

- (a) Kaldalóns hf., kt. 490617-1320, Borgartúni 25, Reykjavík („**Kaldalón**“ eða „**félagið**”);  
og
- (b) GAMMA Capital Management hf., kt. 530608-0690, Garðastræti 37, 101 Reykjavík („**GAMMA**“ eða „**eignastýringaraðilinn**”).

## 1. INNGANGUR

- 1.1. Félagið er hlutafélag og er tilgangur þess fjárfestingastarfsemi, þ.m.t. fasteignaþróun, kaup, sala, rekstur, eignarhald, umsýsla og uppbygging fasteigna og innviða tengdum fasteignaverkefnum og fasteignafélaga, lánastarfsemi, ásamt kaupum og sölu félaga, fjármálagerninga, ýmiss konar skuldaviðurkenninga, s.s. lánssamninga og skuldabréfa, allt í tengslum við fasteignaviðskipti, fasteignaþróun, uppbyggingu innviða í tengslum við fjárfestingarverkefni eða fjármögnun byggingaframkvæmda og annar skyldur rekstur. Félagið fjárfestir í eignarhlutum í félögum sem eiga lóðir og aðrar fasteignir og standa að uppbyggingu og þróun þeirra eigna allt frá skráðri lóð að fullbyggðum fasteignum, en auk þess er félaginu heimilt að fjárfesta í félögum sem eru í byggingariðnaði, starfsemi tengdri byggingargeiranum og innviðauppbýggingu í tengslum við fasteignaverkefni. Fjárfestingarstefna félagsins er í Viðauka I við þennan samning.
- 1.2. Samkvæmt grein 4.9 í samþykktum félagsins hefur framkvæmdastjóri umsjón með athugun á fjárfestingarkostum, upphaflegu mati á þeim, greiningu á lánshæfi fyrirtækja, undirbúningi ákvarðana um fjárfestingar, umsýslu og sölu eigna, og eftirfylgni með fjárfestingum. Samkvæmt grein 4.10 í samþykktum félagsins hefur stjórn heimild til að gera samning um eignastýringu og aðra þjónustu f.h. félagsins við aðila sem stjórn metur hæfan til þess, þar sem samið er um að eignastýringaraðilinn skuli sinna verkefnum á sviði eignastýringar fyrir félagið, auk annarra verkefna, samkvæmt beiðni framkvæmdastjóra félagsins og í samstarfi við framkvæmdastjóra. Er eignastýringarsamningur þessi milli félagsins og eignastýringaraðilans gerður í því skyni (hér eftir nefndur „**eignastýringarsamningur**“ eða „**samningurinn**“).
- 1.3. Félagið hefur upplýst eignastýringaraðilann að félagið hyggist fjármagna sig með útgáfu hlutafjár. Félagið hefur einnig heimild til þessa að gefa út skuldabréf og aðrar skuldaviðurkenningar. Þá hefur stjórn félagsins ákveðið að stefna að skráningu hlutabréfa félagsins á NASDAQ First North Iceland markaðinn.

## 2. TILGANGUR

- 2.1. Með eignastýringarsamningnum tekur eignastýringaraðilinn að sér eignastýringu eignasafns félagsins, sbr. 4. grein, og skal veita félaginu þá þjónustu sem að neðan greinir. Með „**eignasafni**“ í samningi þessum er átt við þær eignir félagsins sem eignastýringaraðilanum hefur verið falið að stýra samkvæmt samningnum, en um er að ræða eignasafn sem skal vera í samræmi við þá fjárfestingarstefnu sem félagið felur eignastýringaraðilanum að framkvæma samkvæmt Viðauka I.
- 2.2. Eignastýringaraðilinn skal veita eignastýringarþjónustuna í samræmi við samninginn og skal (i) verja þeim tíma sem nauðsynlegur er til að sinna verkefnum samkvæmt eignastýringarsamningnum með ábyrgum og skynsamlegum hætti, (ii) hafa yfir að ráða starfsfólki sem hefur nauðsynlega kunnáttu og reynslu til þess að sinna þeirri þjónustu sem kveðið er á um í samningnum, og (iii) sinna þjónustunni og öðrum skyldum sem mælt er fyrir um, í samræmi við bestu framkvæmd hverju sinni.

### 3. UMBOÐ TIL EIGNASTÝRINGARAÐILANS

- 3.1. Með samningnum veitir félagið eignastýringaraðilanum umboð sem felur m.a. í sér eftirfarandi:
- 3.1.1. Að eignastýringaraðilanum er heimilt að mæta á hluthafafundi í þeim félögum sem Kaldalón á eignarhluti í og skipa stjórnarmenn í þeim félögum, eftir því sem atkvæðisréttur félagsins leyfir. Eignastýringaraðili skal beita sér fyrir því að fjárfestingarstefna félagsins nái fram að ganga.
  - 3.1.2. Að eignastýringaraðilanum er heimilt að sinna lausafjárstýringu félagsins, með ávöxtun á lausu fé þess á hverjum tíma með innlánum, peningamarkaðsinnlánum, í peningamarkaðssjóðum og með skammtíma skuldabréfum.
  - 3.1.3. Að eignastýringaraðilanum er heimilt að stofna verðbréfareikning (VS-reikning) í nafni félagsins vegna rafrænnar skráningar, sækja verðbréf í eigu félagsins til Verðbréfaskráningar Íslands hf. og móttaka arð og jöfnunarhlutabréf.
  - 3.1.4. Að eignastýringaraðilanum er heimilt að varðveita fjármálagerninga og aðra fjármuni félagsins á vörslureikningi þess, kaupa og selja fjármálagerninga og aðra fjármuni samkvæmt fyrimælum félagsins, og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að kaup og sala nái fram að ganga, m.a. að framselja fjármálagerninga í nafni félagsins.
  - 3.1.5. Að eignastýringaraðilanum er heimilt að móttaka hvers konar bréf, tilkynningar eða ákvaðir sem honum berast vegna samningsins.
  - 3.1.6. Allar ráðstafanir og undirritanir sem eignastýringaraðilinn gerir í nafni félagsins í samræmi við framangreint umboð skulu hafa sama gildi og ef ráðstafanir og/eða undirritanir væru gerðar af félaginu sjálfu.

### 4. ÞJÓNUSTA SEM EIGNASTÝRINGARAÐILINN VEITIR

- 4.1. Eignastýringaraðilinn skal sinna eftirtöldum verkefnum fyrir félagið samkvæmt beiðni framkvæmdastjóra félagsins, sem annast um daglegan rekstur félagsins:
- 4.1.1. Annast rannsóknar- og greiningarvinnu vegna þeirra fjárfestinga sem félagið leggur í.
  - 4.1.2. Annast athugun á fjárfestingarkostum, undirbúningi ákvarðana um fjárfestingar og sölu eigna og aðra ráðstöfun þeirra.
  - 4.1.3. Sjá til þess að uppgjör vegna kaupa og sölu á fjárfestingum sé í samræmi við samninga félagsins.
  - 4.1.4. Meta virði eignasafns félagsins og kynna virðismat fyrir stjórn og fjárfestingar- og hagsmunaráði félagsins.
  - 4.1.5. Útbúa yfirlitsskýrslur ársfjórðungslega fyrir stjórn, fjárfestingar- og hagsmunaráð og hluthafa félagsins um bókfært eiginfjárvirði félagsins (hér eftir nefnt „**Net Asset Value**“ eða „**NAV**“). NAV félagsins skal fylgja endurskoðuðum ársreikningi félagsins m.v. lok 4. ársfjórðungs hverju sinni, kannað fyrir lok 2. ársfjórðungs og óendurskoðað og áætlað m.v. lok 1. og 3. ársfjórðung hverju sinni.
  - 4.1.6. Útbúa og senda tvisvar (2) sinnum á ári til stjórnar, fjárfestingar- og hagsmunaráðs og hluthafa félagsins, yfirlit yfir eignir félagsins og önnur verðmæti í eignasafni. Ef lög gera kröfu um að slíkt yfirlit skuli sent oftár til stjórnar og/eða hluthafa félagsins mun eignastýringaraðilinn hlíta þeim kröfum. Skýrslurnar skulu sendar eigi síðar en 30. apríl og 30. október ár hvert, eftir því sem við á.



- 4.1.7. Útbúa og senda einu (1) sinni á ári til stjórnar, fjárfestingar- og hagsmunaráðs og hluthafa félagsins, skýrslu með yfirliti yfir eignir félagsins og önnur verðmæti í eignasafni m.t.t. markmiða sem tilgreind eru í fjárfestingastefnu. Skýrslan skal send eigi síðar en 30. apríl ár hvert.
- 4.1.8. Útbúa og senda einu (1) sinni á ári til stjórnar, fjárfestingar- og hagsmunaráðs og hluthafa félagsins kannaðan 6 mánaða árshlutareikning félagsins. Árshlutareikningurinn skal sendur innan 90 daga frá lokum viðkomandi rekstrartímabils.
- 4.1.9. Útbúa og senda einu (1) sinni á ári til stjórnar, fjárfestingar- og hagsmunaráðs og hluthafa félagsins endurskoðaðan ársreikning félagsins. Ársreikningur skal sendur innan 120 daga frá lokum viðkomandi rekstrarárs.
- 4.1.10. Vera stjórn og framkvæmdastjóra félagsins innan handar um boðun stjórnar-, hluthafa- og fjárfestingar- og hagsmunaráðsfunda og ásamt stjórn og framkvæmdastjóra sjá til þess að daglegur rekstur hjá félaginu sé í réttu horfi og lögum samkvæmt.
- 4.1.11. Veita framkvæmdastjóra sérfræðiaðstoð við samningagerð og framvinduettirlit byggingaframkvæmda.
- 4.1.12. Veita framkvæmdastjóra aðstoð við sölu og markaðssetningu á fjárfestingaverkefnum félagsins.
- 4.1.13. Sjá um fjármögnun félagsins og byggingaverkefna í samstarfi við framkvæmdastjóra félagsins.
- 4.2. Félagið greiðir sjálft kostnað vegna framkvæmdastjóra, fjárfestingar- og hagsmunaráðs og stjórnar félagsins.
- 4.3. Félagið greiðir sjálft kostnað vegna allrar sérfræðivinnu annarra aðila en eignastýringaraðilans, sem mælt er fyrir um í samningi þessum, nema að annað sé sérstaklega tekið fram. Félagið ber og greiðir sjálft kostnað vegna endurskoðunar félagsins, og annarrar þjónustu sem framkvæmdastjóri, meirihluti stjórnar og eftir atvikum fjárfestingar- og hagsmunaráð samþykkir eða óskar eftir sérstaklega.
- 4.4. Félagið mun greiða beinan kostnað við fjárfestingar og aðra ráðstöfun eigna félagsins, þ.m.t. þóknanir til annarra en eignastýringaraðilans, s.s. vegna áreiðanleikakannanna, opinber gjöld, kostnað vegna samningsgerðar, málsvarnarlaun, skaðabætur og kostnað vegna slita félagsins. Félagið mun jafnframt standa straum af stimpilgjöldum og þinglýsingarkostnaði í tengslum við fjárfestingar. Einnig mun félagið greiða kostnað vegna vörslugjalda og vanefnda á áskriftarloforðum sem félagið hefur reynt að innheimta en án árangurs, kostnað vegna endurskipulagningar eða breytinga á högum þess. Þá ber félagið sjálft og greiðir öll gjöld og tengdan kostnað sem kann að falla til vegna skráninga og leyfisveitinga hjá Fjármálaeftirlitinu, NASDAQ First North Iceland markaðnum og Verðbréfaskráningu Íslands, komi slík gjöld til.

## 5. ÞÓKNANIR

- 5.1. Félagið skal greiða þóknanir til eignastýringaraðilans í samræmi við þessa 5. grein. Öll þjónusta eignastýringaraðilans samkvæmt samningi þessum er undanþegin virðisaukaskatti skv. 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

- 5.2. **Eignastýringarþóknun:** Félagið skal greiða eignastýringaraðilanum fasta þóknun sem nemur 1,5% af Net Asset Value, sbr. grein 4.1.5., á ársgrundvelli. Eignastýringarþóknun skal reiknuð út ársfjórðungslega og skal hún greidd eftir á innan 30 daga frá lokum hvers ársfjórðungs, fyrst þann 31. júlí 2019.
- 5.3. **Árangurstengd eignastýringarþóknun:** Félagið skal greiða til eignastýringaraðilans árangurstengda þóknun sem nemur 20% af ávöxtun hluthafa á innborgað eða útgefið hlutafé umfram ávöxtunarviðmið hluthafa, en ávöxtunarviðmiði hefur verið náð þegar gangvirði eigna félagsins (Net Asset Value, sbr. grein 4.1.5) samsvarar virði hlutafjár, sem gefið hefur verið út til hluthafa, auk 16% árlegrar nafnávöxtunar frá þeim degi sem hlutafé er innborgað eða gefið út til hluthafa. Föst þóknun samkvæmt grein 5.2 dregst ekki frá árangurstengdri eignastýringarþóknun. Formúla fyrir útreikningi árangurstengdrar eignastýringarþóknunar er að finna í viðauka II við eignastýringarsamninginn.
- 5.4. Það er skilyrði fyrir greiðslu til eignastýringaraðilans að eignastýringaraðilinn hafi ekki vanefnt eignastýringarsamninginn verulega.
- 5.5. Eignastýringaraðilinn skal reikna út árangurstengda eignastýringarþóknun á hverju ári samhliða gerð ársreiknings, sem skal taka mið af Net Asset Value, sbr. grein 4.1.5., miðað við síðustu útreikninga félagsins á gangvirði einstakra eigna, að teknu tilliti til útgreiðslna til hluthafa, hafi þær átt sér stað (óháð því hvort greiðsluskylda þóknana hafi stofnast eða ekki). Komist eignastýringaraðilinn og meirihluti fjárfestingar- og hagsmunaráðs félagsins, f.h. félagsins, ekki að samkomulagi um slíkt verðmat sín á milli skulu tilnefndir tveir (2) sérfróðir og óháðir matsmenn, sem hvor aðili um sig tilnefnir, þ.e. meirihluti fjárfestingar- og hagsmunaráðs félagsins annars vegar, og eignastýringaraðilinn hins vegar, til að meta áunna árangurstengda eignastýringarþóknun sem eignastýringaraðilinn á rétt á samkvæmt grein 5.3. Félagið og eignastýringaraðilinn skulu deila kostnaði af slíku mati í helmingshlutföllum.
- 5.6. Séu skilyrði til greiðslu árangurstengdrar þóknunar, sbr. greinar 5.3 - 5.5, skal árangurstengd þóknun greidd árlega samkvæmt framlögðum reikningi til eignastýringaraðilans eigi síðar en 30 dögum eftir aðalfund félagsins.
- 5.7. Við slit félagsins eða uppsögn eignastýringaraðilans skal endurskoðandi félagsins samþykkja útreikning eignastýringaraðilans (ef því er að skipta m.t.t. greinar 5.5) um árangursgreiðslu, sbr. ofangreint, og kemur hún til greiðslu við hvort sem fyrr reynist, slit félagsins eða uppsögn eignastýringarsamningsins.
- 5.8. Félagið skal greiða allar greiðslur til eignastýringaraðilans sem félaginu ber að greiða samkvæmt samningi þessum í reiðufé og án nokkurs frádráttar vegna skuldajafnaðar, skatta, gagnkröfu eða sambærilegra atvika nema að annað sé sérstaklega tekið fram í eignastýringarsamningnum.

## 6. EINKARÉTTUR

- 6.1. Félagið skuldbindur sig til þess að gera ekki eignastýringarsamning f.h. félagsins við annan aðila en eignastýringaraðilann á meðan eignastýringarsamningurinn er í gildi.
- 6.2. Sú fjárhæð sem nemur áskrift vegna hlutafjár útgefnu af félaginu, fer sjálfkrafa í eignastýringu hjá eignastýringaraðilanum samkvæmt samningnum.

## 7. UPPLÝSINGAR



- 7.1. Félagið skal veita eignastýringaraðilanum allar upplýsingar sem félagið hefur um eigendur hlutabréfa sem félagið hefur gefið út, og um fjárfestingar félagsins. Félagið skal kalla eftir þeim upplýsingum eða útvega þær upplýsingar, að því marki sem það er mögulegt, sem eignastýringaraðilinn fer fram á í þeim tilgangi að geta innt af hendi þá þjónustu sem eignastýringaraðilanum ber að veita samkvæmt samningnum.
- 7.2. Allar upplýsingar sem félagið veitir eignastýringaraðilanum á grundvelli samningsins skulu vera réttar samkvæmt bestu vitund félagsins.

## **8. HAGSMUNAÁREKSTRAR**

- 8.1. Tekið skal fram að eignastýringaraðilinn fær greidda þóknun samkvæmt eignastýringarsamningnum fyrir að stýra eignum félagsins og fyrir aðra þá þjónustu sem tilgreind er í 4. grein samningsins.
- 8.2. Eignastýringaraðilinn skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar kunni að skaða hagsmuni félagsins. Hafi eignastýringaraðilinn ástæðu til að ætla að þessar ráðstafanir veiti ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmunum félagsins sé nægjanlega gætt skal eignastýringaraðilinn svo fljótt sem kostur er upplýsa framkvæmdastjóra, stjórn og fjárfestingar- og hagsmunaráð félagsins.
- 8.3. Eignastýringaraðilinn skal fylgja eigin reglum um hagsmunaárekstra sem í gildi eru á hverjum tíma, og má nálgast útdrátt úr þeim á vefsíðu eignastýringaraðilans, <https://www.gamma.is/>. Eignastýringaraðilinn áskilur sér rétt til að uppfæra og breyta framangreindum reglum sem birtast þá uppfærðar á heimasíðu eignastýringaraðilans.

## **9. TRÚNAÐUR**

- 9.1. Hvor aðili fyrir sig lofar að fara með upplýsingar um viðskipta- eða einkamálefni hins sem trúnaðarmál. Skal komið í veg fyrir að þær upplýsingar berist þriðja aðila. Ákvæði þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem skylt er að veita samkvæmt lögum, reglum og samningum við NASDAQ vegna skráningar á NASDAQ First North Iceland markaðinn og þær upplýsingar sem félagið hefur samið við eignastýringaraðilann um að birta hluthöfum sínum.
- 9.2. Í kynningarefni um félagið skal þess getið að það sé í eignastýringu hjá eignastýringaraðilanum og eignastýringaraðilinn hafi einnig umsjón með daglegum rekstri félagsins.

## **10. ÝMISLEGT**

- 10.1. Eignastýringaraðilinn upplýsir félagið um eftirfarandi vegna ákvæða 30. gr. reglugerðar nr. 995/2007:
- 10.1.1. Upplýsingar um tengiliði má finna á heimasíðu eignastýringaraðilans.
- 10.1.2. Öll samskipti milli eignastýringaraðilans og félagsins skulu fara fram á íslensku eða ensku.
- 10.1.3. Heimilt er að nota bréfpóst, tölvupóst eða síma í samskiptum eignastýringaraðilans og félagsins og til að taka við fyrirmælum.
- 10.1.4. Eignastýringaraðilinn hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, fjárfestingarráðgjöf og stýringu á fjármálagerningum og til eignastýringar.

- 10.1.5. Um yfirlit yfir eignasafn félagsins er fjallað í greinum 4.1.6 og 4.1.7.
- 10.1.6. Eignastýringaraðilinn varðveitir eignir félagsins þannig að tryggður er aðskilnaður þeirra frá eignum annarra viðskiptavina og eignastýringaraðilans sjálfs.
- 10.1.7. Félagið hefur kynnt sér reglur eignastýringaraðilans um hagsmunaárekstra en útdrátt úr þeim má finna á vefsíðu eignastýringaraðilans, <https://www.gamma.is/>.

## **11. GILDISTÍMI OG UPPSÖGN**

- 11.1. Samningur þessi öðlast gildi við undirritun og er í gildi þar til félaginu er slitið, starfsemi þess lýkur eða samningnum er sagt upp, sbr. grein 11.2.
- 11.2. Félaginu er skylt að segja samningnum upp ef tillaga um slíkt hlýtur samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á viðkomandi hluthafafundi.
- 11.3. Verði samningi þessum sagt upp af félaginu samkvæmt grein 11.2 hér að framan innan eins (1) árs frá undirritun eignastýringarsamningsins, skuldbindur félagið sig til að tryggja að eignastýringaraðilinn fái greidda þóknun samkvæmt 5. grein hér að framan fyrir fyrstu 12 mánuði starfstíma félagsins.
- 11.4. Það skal teljast veruleg vanefnd af hálfu eignastýringaraðilans ef eignastýringaraðilinn sinnir ítrekað og þrátt fyrir áskoranir þess efnis ekki þeim skyldum sem kveðið er á um í grein 4.1.
- 11.5. Það skal teljast veruleg vanefnd af hálfu félagsins ef félagið greiðir ekki umsamdar þóknanir til eignastýringaraðilans innan 30 daga frá gjalddaga þeirra samkvæmt 5. grein.
- 11.6. Eignastýringaraðilanum er heimilt að segja samningi þessum upp með 30 daga fyrirvara ef tilgangi félagsins er breytt að svo miklu leyti að sú starfsemi sem fyrirhuguð er samkvæmt samningi þessum rúmast ekki lengur innan tilgangs félagsins.
- 11.7. Uppsögn samningsins hefur ekki áhrif á áunnin réttindi, þar með talið rétt til eignastýringarþóknunar skv. grein 5.2. og árangurstengdrar eignastýringarþóknunar skv. grein 5.4. eða annarra greiðslna vegna veittrar þjónustu. Í því tilviki skal félagið greiða eignastýringaraðilanum uppsafnaðar þóknanir skv. framangreindu við uppsögn eignastýringarsamningsins. Ekki kemur þó til greiðslu uppsafnaðrar þóknunar ef samningnum hefur verið sagt upp á grundvelli verulegrar vanefndar af hálfu eignastýringaraðilans, og sýnt er fram á að eignastýringaraðilinn hafi vanefnt samninginn verulega, sbr. grein 11.4.

## **12. FRAMSAL**

- 12.1. Aðilum er óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt eignastýringarsamningnum. Eignastýringaraðilanum skal þó einhliða heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til dótturfélaga sinna til að taka við hlutverki eignastýringaraðila skv. samningnum, að því gefnu að slík félög hafi þar til bær leyfi og réttindi til að sinna hlutverki sínu sem eignastýringaraðili. Eignastýringaraðilinn skal tilkynna um slíkt framsal skriflega með tíu (10) daga fyrirvara og tekur það gildi frá og með næstu mánaðamótum eftir tilkynningu. Þá er framsal, af hálfu eignastýringaraðila, sem kann að leiða af samruna hans við annað fjármálafyrirtæki heimilt.

## **13. SKAÐLEYSI**



- 13.1. Eignastýringaraðilinn, starfsmenn hans, eigendur, stjórnarmenn og aðilar innan sömu samstæðu bera ekki ábyrgð á tjóni eða kostnaði, hverju nafni sem slíkt tjón eða kostnaður kann að vera nefnt, sem félagið verður fyrir, hvort sem slíkt tjón eða slíkur kostnaður er beinn eða óbeinn, er leiðir af þjónustu eignastýringaraðilans við félagið samkvæmt eignastýringarsamningnum, nema félagið sýni fram á að tjónið eða kostnaðurinn sé kominn til vegna ásetnings eða stórfellds gáleysis eignastýringaraðilans. Sama á við um allt tjón eða kostnað sem þriðji aðili kann að verða fyrir í tengslum við þjónustu eignastýringaraðilans samkvæmt samningnum. Skal félagið halda eignastýringaraðilanum skaðlausum vegna allra slíkra krafna af hálfu þriðju aðila, nema umrætt tjón eða kostnaður sé til kominn vegna ásetnings eða stórfellds gáleysis eignastýringaraðilans.
- 13.2. Eignastýringaraðilinn ber enga ábyrgð á arðsemi fjárfestingarverkefna félagsins.

#### 14. TILKYNNINGAR

- 14.1. Allar tilkynningar eða boðsendingar milli aðila samningsins eða vegna mála sem honum tengjast skulu sendar til:

**GAMMA Capital Management hf.**

Heimilisfang: Garðastræti 37, 101  
Reykjavík

Berist til: Valdimar Ármann

E-mail: Valdimar@gamma.is

**Kaldalón hf.**

Heimilisfang: Borgartún 25 – 6. hæð,  
105 Reykjavík

Berist til: Ásgeir Baldurs

E-mail: asgeir.baldurs@kvika.is

#### 15. BREYTINGAR OG AFSAL RÉTTINDA

- 15.1. Breytingar verða ekki gerðar á samningnum nema með skriflegum hætti sem samþykktar eru af eignastýringaraðilanum og stjórn félagsins, ásamt meirihluta fjárfestingar- og hagsmunaráðs félagsins.
- 15.2. Láti aðili hjá líða eða dragi að beita réttindum sínum samkvæmt samningnum skal ekki litið svo á hann afsali sér réttindum sínum eða beitingu þeirra síðar meir eða öðrum réttindum samkvæmt þessum samningnum.

#### 16. KOSTNAÐUR OG ÚTGJÖLD

- 16.1. Félagið og eignastýringaraðilinn skulu bera sinn kostnað hvor af gerð samningsins.

#### 17. LÖG OG LÖGSAGA

- 17.1. Samningurinn er gerður í tveimur eintökum sem bæði teljast frumrit.
- 17.2. Um samninginn gilda íslensk lög.
- 17.3. Ágreining milli aðila, sem ekki er leystur með öðrum hætti, skal bera undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

\*\*\* Undirritunarsíða fylgir\*\*\*



Reykjavík, 18. júní 2019

Fyrir hönd GAMMA Capital  
Management hf.

Valdimarsson

Fyrir hönd Kaldalóns hf.

Þórunn 1807695799.

HL 150574-5999

Þórunn 050372-4489

## **Viðauki I**

**við eignastýringarsamning milli Kaldalóns hf. og  
GAMMA Capital Management hf., dags. í júní 2019**

Handwritten initials:   
K  
JK  
FTW

JÚNÍ 2019

---

FJÁRFESTINGASTEFNA

---

fyrir  
KALDALÓN HF.

U  
pm  
Vh  
x12

## 1. INNGANGUR

- 1.1. Kaldalón hf., kt. 490617-1320 (hér eftir „**Kaldalón**“ eða „**félagið**“) er félag um fjárfestingar í fasteignaþróun, kaup, sölu, rekstur, eignarhald og uppbyggingu fasteigna og innviða tengdum fasteignaverkefnum og fasteignafélaga, lánastarfsemi ásamt kaupum og sölu félaga, fjármálagerninga, ýmiss konar skuldaviðurkenninga, s.s. lánssamninga og skuldabréfa, allt í tengslum við fasteignaviðskipti, fasteignaþróun, uppbyggingu innviða í tengslum við fasteignaverkefni eða fjármögnun byggingaframkvæmda og annan skyldan rekstur. Félagið fjárfestir einnig í kröfum tengdum fasteignum og fasteignaþróun, allt frá skráðri lóð til fullbyggingar fasteigna, en auk þess er félaginu heimilt að fjárfesta í félögum sem eru í byggingariðnaði eða starfsemi tengdri byggingargeiranum og innviðauppbyggingu í tengslum við fasteignaverkefni.
- 1.2. Samkvæmt ákvæði greinar 4.9 í samþykktum félagsins hefur framkvæmdastjóri félagsins umsjón með athugun á fjárfestingarkostum, upphaflegu mati á þeim, greiningu á lánshæfi fyrirtækja, undirbúningi ákvarðana um fjárfestingar, umsýslu og sölu eigna, og eftirfylgni með fjárfestingum. Þá kemur fram í grein 4.10 í samþykktum félagsins að stjórn sé heimilt að gera samning um eignastýringu og aðra þjónustu, f.h. félagsins, við aðila sem stjórn metur hæfan til þess, þar sem samið er um að eignastýringaraðili skuli sinna verkefnum á sviði eignastýringar fyrir félagið, auk annarra verkefna, samkvæmt beiðni framkvæmdastjóra félagsins og í samstarfi við framkvæmdastjóra. Eignastýringarsamningur var undirritaður í júní 2019 milli félagsins og GAMMA Capital Management hf., kt. 530608-0690-, Garðastræti 37, Reykjavík, („**GAMMA**“ eða „**eignastýringaraðilinn**“) þar sem GAMMA tekur að sér að vera eignastýringaraðili félagsins (hér eftir nefndur „**eignastýringarsamningurinn**“). Fyrir undirritun þessa samnings var Kvika banki hf. eignastýringaraðili félagsins og tekur GAMMA við hlutverkinu af Kviku.
- 1.3. Tilgangur þessarar fjárfestingastefnu er að tilgreina markmið félagsins um fjárfestingarkosti, áhættudreifingu, líftíma eigna og ávöxtunarmarkmið að teknu tilliti til áhættu og seljanleika eigna.
- 1.4. Fjárfestingastefna félagsins er ákvörðuð af stjórn félagsins og staðfest af hluthafafundi í samræmi við góða viðskiptahætti, með hliðsjón af samþykktum félagsins og kjörum á markaði á hverjum tíma, með tilliti til ávöxtunarmarkmiðs félagsins og áhættu.

## 2. FJÁRFESTINGASTEFNA

- 2.1. Megináhersla félagsins í fjárfestingum þess er á kaup og fjármögnun í fasteignaþróunarverkefnum, auk þess sem heimilt verður að fjárfesta í félögum sem eru í byggingariðnaði og innviðauppbyggingu í tengslum við fasteignaverkefni. Eignarhlutur félagsins í einstökum verkefnum verður að öllu jöfnu í öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð eigenda, sem félagið mun eiga að hluta til eða að öllu leyti. Gert er ráð fyrir að skuldsetning fjárfestinga félagsins verði að mestu leyti innan einstakra undirfélaga en þó er félaginu heimilt að fjármagna sig með lánsfé. Félagið mun fá meðfjárfesta í einstök verkefni ef stjórn félagsins og fjárfestingar- og hagsmunaráð meta það hagkvæmt fyrir verkefnin sem um ræðir.
- 2.2. Félaginu er auk þeirrar fjárfestingarstefnu sem greinir í grein 2.1 heimilt að fjárfesta í fjármögnun fyrirtækja í byggingariðnaði með kaupum á kröfum og tengdum tryggingaréttindum, að því gefnu að þau hafi góða rekstrarsögu og vel skilgreinda stefnu um útgöngu úr verkefnum og/eða með sterkt sjóðsstreymi. Félagið kann einnig að fjárfesta í veðskuldabréfum og öðrum skuldaviðurkenningum, þ.m.t. lánssamningum.

- 2.3. Ávöxtunarmarkmið félagsins er að árleg nafnávöxtun eigin fjár félagsins skuli vera skilgreind sem 16% árleg arðsemi eigin fjár. Fyrirséð er að ávöxtun félagsins verði sveiflukennd, þar sem fjárfest er í eignum sem tekið getur tíma að byggja upp og gera verðmætari.
- 2.4. Fjárfestingar félagsins verða einkum í formi eftirfarandi:
- 2.4.1. Eigin fé félaga (hlutafé) sem eiga lóðir eða aðrar fasteignir með það að markmiði að fá samþykkt skipulag, vinna jarðvegsvinnu og fjármagna nýbyggingar, frá skráðri lóð að fullbyggðum fasteignum og allt þar á milli, auk eigin fjár í félögum sem eru í rekstri sem tengist byggingariðnaði, þ.m.t. við innviðauppbýggingu tengdum fasteignaverkefnum (hér eftir sameiginlega nefnt „verkefni“). Tilvísun til framangreindrar skilgreiningar, „verkefni“, getur verið í bæði eintölu og fleirtölu, með eða án greinis.
- 2.4.2. Jafnframt er gert ráð fyrir því að hluti fjárfestinga kunni að vera í kröfum er tengjast byggingaframkvæmdum.
- 2.5. Helstu viðmið við fjárfestingu í kröfum eftir því sem við á og að því marki sem mögulegt er að semja um hverju sinni:
- 2.5.1. Horft er til markaðsverðmætis og veðhæfi þeirra eigna og verkefna sem lánað er til.
- 2.5.2. Félagið mun ávallt taka veðtryggingu í þeirri eign eða því verkefni sem lánað er vegna. Slíkar veðtryggingar skulu að jafnaði vera á fyrsta eða öðrum veðrétti viðkomandi eigna. Með veðtryggingum er m.a. átt við fasteignaveð og veð í lóðum.
- 2.5.3. Horft verður til þess að eiginfjárlutfall í þeim verkefnum sem lánað er vegna sé almennt a.m.k. 20-25% m.v. heildarverðmæti eigna á hverjum tíma.
- 2.5.4. Skuldsetning lántaka sé viðunandi m.t.t. sjóðstreymi og undirliggjandi verðmæti eigna fyrirtækis.
- 2.5.5. Fjárhagsleg skilyrði skulu sett fram í skjalagerð skuldaviðurkenninga, s.s. lágmarks eiginfjárlutfall í verkefninu, framvinda verkefnisins, og aðrar kvaðir (t.d. bann við frekari skuldsetningu, veðsetningu eigna, fjárfestingu umfram viðmið o.þ.h.).
- 2.5.6. Kröfur um upplýsingagjöf skulu settar fram í skjalagerð skuldaviðurkenninga, s.s. mánaðarlegar skýrslur, ársreikningar, árshlutareikningar og fjárhagsáætlanir.
- 2.5.7. Gjaldfellingarákvæði skulu sett fram í skjalagerð skuldaviðurkenninga, s.s. „cross-default“, sala eigna, veðsetning eigna, fjárnám, breyting á eignarhaldi, „key-man events“ o.s.frv.
- 2.6. Fjárfestingar félagsins verða í íslenskum fyrirtækjum með áherslu á byggingariðnað, og því er ekki um að ræða áhættudreifingu á milli atvinnugeira.
- 2.7. Félaginu er heimilt að fjárfesta í fyrirtækjum tengdum framkvæmdum við uppbyggingu fasteigna eða innviða.
- 2.8. Félaginu er heimilt að fjárfesta með öðrum aðilum, þ.e. meðfjárfestum, samkvæmt ákvörðun stjórnar og fjárfestingar- og hagsmunaráðs. Hluthafar félagsins skulu njóta forgangs að meðfjárfestingu í hlutfalli við hlutafjárframlag sitt, séu þeir eigendur a.m.k. 10% hlutafjár í félaginu.
- 2.9. Lágmarksfjárfesting í einstökum fyrirtækjum skal almennt ekki vera lægri en kr. 50.000.000. Gerð er krafa um að áhætta sé viðunandi, að teknu tilliti til greiningar á rekstri, efnahag, sjóðstreymi, greiðsluhæfi o.fl. varðandi viðkomandi fyrirtæki.



### 3. FERILL VIÐ FJÁRFESTINGU OG EFTIRFYLGN

- 3.1. Tillaga um fjárfestingar, sölu eigna og/eða aðra ráðstöfun þeirra, þ.m.t. sem felur í sér mögulega hagsmunaárekstra í formi viðskipta félagsins eða mótaðila félagsins við eignastýringaraðila, fyrirtækjasvið Kviku og/eða dótturfélög og/eða systurfélög og/eða starfsmenn þeirra og/eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í eignastýringaraðila, skulu kynntar fyrir fjárfestingar- og hagsmunaráði. Samþykki fjárfestingar- og hagsmunaráðs er skilyrði þess að unnt sé að vinna slíkar tillögur áfram sbr. grein 3.5.
- 3.2. Ferli fjárfestinga skal fara eftir grein 3.3 hér að neðan.
- 3.3. Ferli fjárfestinga, sölu eigna og/eða veigamikilla ráðstafana um málefni eigna félagsins skal vera í fimm megin þrepum:
- (a) Síun og greining verkefna.
  - (b) Kynning fyrir fjárfestingar- og hagsmunaráði.
  - (c) Ítarleg kynning fyrir stjórn.
  - (d) Samningagerð.
  - (e) Frágangur og eftirfylgni.
- 3.4. Síun og greining verkefna: Það er hlutverk framkvæmdastjóra, í samstarfi við eignastýringaraðila, að finna og greina fjárfestingakosti fyrir hönd stjórnarinnar.
- 3.5. Kynning fyrir fjárfestingar- og hagsmunaráði: Tillögur um fjárfestingar, sölu eigna og/eða aðra ráðstöfun þeirra, sbr. grein 3.1 hér að framan, skulu kynntar fyrir fjárfestingar- og hagsmunaráði sem kannar hvort að fjárfestingin hæfi félaginu og falli að markmiðum þess. Ef tveir af þremur ráðsmönnum fjárfestingar- og hagsmunaráðs eða varamenn þeirra samþykkja tillöguna, skal framkvæmdastjóra, og eftir atvikum eignastýringaraðila, falin sú vinna að kanna verkefnið áfram og er það síðan á ábyrgð framkvæmdastjóra og stjórnar Kaldalóns að leiða það til lykta.
- 3.6. Samningagerð: Það er hlutverk eignastýringaraðila, samkvæmt beiðni framkvæmdastjóra, að vinna að frekari greiningu á verkefninu, afla utanaðkomandi ráðgjafar eftir því sem við á (áreiðanleikakönnun, verðmat, skjalagerð o.þ.h.) og ná samkomulagi um kjör og skilmála, með fyrirvara um samþykki stjórnar.
- 3.7. Ítarleg kynning fyrir stjórn: Óski framkvæmdastjóri eftir því skal eignastýringaraðili leggja fyrir stjórn fjárfestingatillögu og mat á því hvort fjárfestingin muni skila fjárhagslegum ávinningi í samræmi við markmið um ávöxtun og áhættudreifingu. Stjórnin tekur í kjölfarið endanlega afstöðu til verkefnisins.
- 3.8. Frágangur og eftirfylgni: Í tengslum við fjárfestingar félagsins, er það hlutverk eignastýringaraðila, samkvæmt beiðni framkvæmdastjóra, að hafa umsjón með frágangi skjalagerðar, hafa umsjón með eftirfylgni, áhættustýringu og upplýsingagjöf til stjórnar.
- 3.9. Stjórn, framkvæmdastjóri og/eða eignastýringaraðili getur á hverjum tíma gert tillögu um sölu eigna, ef útlit er fyrir að fjárfesting sé ekki að ná þeim markmiðum sem að var stefnt og/eða ef hagstætt tilboð berst í eignir félagsins.

Fjárfestingastefna þessi var staðfest á hluthafafundi félagsins í Reykjavík 4. júní 2019.

Rétta fjárfestingastefnu staðfestir framkvæmdastjóri félagsins:

## **Viðauki II**

**við eignastýringarsamning milli Kaldalóns hf. og  
GAMMA Capital Management hf., dags. í júní 2019**

AK  
KMS  
VL  
h

$$\dot{A}P = \text{árangurstengd þóknun} = (S-A)*0,2$$

þar sem

S= virði eigin fjár félagsins á viðmiðunardegi útreiknings

$$= \sum_{n=1}^N C_n * (1 + r)^{\left(\frac{tn}{360}\right)}$$

og

A= virði eigin fjár á viðmiðunardegi útreiknings m.v. lágmarks 16% árlega ávöxtun

$$= \sum_{n=1}^N C_n * (1 + 0,16)^{\left(\frac{tn}{360}\right)}$$

N= heildarfjöldi greiðsla

n= númer greiðslu

C<sub>n</sub>=greiðsla n (útgreiðslur til hluthafa (útgreiðslur eru mínus tala))

r=ávöxtun á ári

t<sub>n</sub>= tími í dögum frá greiðsludegi C<sub>n</sub> til viðmiðunardags útreiknings



## **11. Appendix IV – Financial Statements**

### **11.1. English translation of Kaldalón's Financial Statements**

The following document is an English translation of Kaldalón's Financial Statements which has been prepared by its accountants and reviewed and approved by the Company. In case of any discrepancy, the Icelandic version shall prevail.

### **11.2. Signed Financial Statements**

**Kaldalón hf.**

**Financial statements  
for the year ended December 31, 2018**

<b>Index</b>	<b>Page</b>
Board of Directors' report .....	<b>2 - 3</b>
Independent Auditor's Report .....	<b>4 - 5</b>
Income Statement and Statement of Comprehensive Income .....	<b>6</b>
Balance Sheet .....	<b>7</b>
Statement of Changes in Equity .....	<b>8</b>
Cash Flow Statement .....	<b>9</b>
Notes to the Financial Statements .....	<b>10 - 15</b>

**Kaldalón hf.**

Identity number 490617-1320

Borgartúni 25, 105 Reykjavík

## Board of Directors' Report

### Main operation

The purpose of the company is investment activities. This includes Real Estate development, the purchase, sale, operation, ownership, management and development of real estate and real estate companies, lending activities along with the purchase and sale of companies, financial instruments, various types of debt recognition (including credit agreements, all in connection with real estate transactions), real estate development or financing of construction projects and other related operations.

The company is classified as an investment company according to International Accounting Standards. The company does not prepare consolidated financial statements, but assesses the assets of subsidiaries and associates at fair value and recognizes changes in fair value in the Profit or Loss.

### Operating results

Kaldalón hf. was established in 2017. The Company was initially registered as a Limited Partnership but its Articles of Association and therefore its legal form changed at the end of 2017 to a Limited Liability Company. The Company's profit during the year was ISK 388.351 thousand. The Company's equity amounted to ISK 3.255.005 thousand at year end 2018.

It is the opinion of the Board of Directors that the Financial Statements present fairly the financial position of the company at the end of the year, the results of its operations during the year and the changes in the financial position of the company.

Staða í ársbyrjun .....	0	0	0	0
Innborgað hlutfé .....	1.854.172.350			1.854.172.350
Heildarafkoma ársins .....		41.109.543	(17.176.664)	23.932.879
Staða í árslok .....	1.854.172.350	41.109.543	(17.176.664)	1.878.105.229

Skýringar á bls. 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

## Sjóðstreymi ársins 2018

	Skýringar	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Greiddur kostnaður .....		(50.763.507)	(6.655.021)
Innborgaðar vaxtatekjur .....		3.690.460	73.244
Greidd vaxtagjöld .....		(2.894.365)	(61.700)
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<u>(49.967.412)</u>	<u>(6.643.477)</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Kaupverð eignarluta í dótturfélögum .....		(68.066.667)	(147.000.000)
Fjárfest í fasteignum og lóðum .....		(110.806.800)	0
Lán til dóttur- og hlutdeildarféлага .....		(1.046.892.808)	(51.369.000)
		<u>(1.225.766.275)</u>	<u>(198.369.000)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Innborgað hlutafé .....		943.803.758	149.333.333
Tekin ný lán frá lánastofnunum .....		303.000.000	60.000.000
Greidd lán frá lánastofnunum .....		(60.000.000)	0
Lán frá dóttur- og hlutdeildarfélagum .....		106.100.000	0
		<u>1.292.903.758</u>	<u>209.333.333</u>
<b>Hækkun á handbæru fé</b>		17.170.071	4.320.856
Handbært fé í byrjun árs .....		<u>4.320.856</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>21.490.927</u></u>	<u><u>4.320.856</u></u>
<b>Fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfingar sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi</b>			
Keyptir eignarhlutir í dótturfélagi .....		(44.744.729)	(1.313.546.823)
Keyptir eignarhlutir í hlutdeildarfélagi .....		0	(391.292.194)
Hlutfjárhækkun .....		44.744.729	1.704.839.017

Skýringar á bls. 10 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Kaldalón hf., hér eftir nefnt félagið, er íslenskt hlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þess er Borgartún 25, Reykjavík.

Tilgangur félagsins er fjárfestingastarfsemi, þ.m.t. fasteignaþróun, kaup, sala, rekstur, eignarhald, umsýsla og uppbygging fasteigna og fasteignafélaga, lánastarfsemi ásamt kaupum og sölu félaga, fjármálagerninga, ýmiss konar skuldaviðurkenninga, s.s. lánssamninga, allt í tengslum við fasteignaviðskipti, fasteignaþróun eða fjármögnun byggingaframkvæmda og annar skyldur rekstur.

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri samþykktu þessi reikningsskil 17. maí 2019.

## 2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningur félagsins er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er stafrækslugjaldmiðill félagsins. Til að auka upplýsingagildi ársreikningsins eru skýringar við hann birtar á grundvelli þess hversu viðeigandi og mikilvægar þær eru fyrir lesandann. Það þýðir að upplýsingar sem metnar eru hvorki mikilvægar né viðeigandi fyrir notanda reikningsskilanna eru ekki birtar í skýringum.

Félagið telst fjárfestingarfélag samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, en félagið stýrir eignasafni sínu á grundvelli gangvirðis og hefur eingöngu tekjur af fjárfestingum sínum í gegnum gangvirðisbreytingar og aðrar tekjur af fjárfestingum. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverði að því undanskildu að eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum og veltufjáreignir eru færðar á gangvirði. Félagið gerir ekki samstæðureikning.

## 3 Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði tímabilin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og hafa tekið gildi frá og með reikningsárinu sem hófst 1. janúar 2018 og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir 31. desember 2018 en heimilt er að taka upp fyrr.

### Nýjir reikningsskilastaðlar teknir upp á árinu

Þann 1. janúar 2018 tóku tveir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gildi, IFRS 9 'Fjármálagerningar', og IFRS 15 'Tekjur af samingum við viðviðskiptavinum', en hann hefur ekki áhrif á reikningsskil félagsins. Staðallinn IFRS 9, 'Fjármálagerningar', tilgreinir hvernig flokkun, mati og afskráningu fjáreigna og fjárskulda skuli vera háttað, auk þess að setja fram nýtt líkan fyrir virðisrýrnun fjáreigna. Í reikningsskilum félagsins eru helstu fjármálagerningar eignarhlutir í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum, en þeir eru færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning samkvæmt heimild í staðlinum IFRS 10 'Samstæðureikningar' þar sem félagið er fjárfestingarfélag. Aðrir fjármálagerningar, lán til tengdra aðila, skammtímaskuldir og skammtímaskuldir, eru færðir á kostnaðarverði. Nýi staðallinn hefur engin áhrif á meðferð þessara fjármálagerninga hjá félaginu og því eru engar breytingar gerðar á reikningsskilum félagsins í upphafi árs.

### Nýjir reikningsskilastaðlar á næsta ári

Þann 1. janúar 2019 mun taka gildi nýr alþjóðlegur reikningsskilastaðall, IFRS 16 'Leigusamningar' en hann mun ekki hafa nein áhrif á reikningsskil félagsins.



## Skýringar

### 4 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað. Matsóvissa félagsins felst að langmestu leyti í ákvörðun gangvirðis eignarhluta þess í öðrum félögum. Gerð er grein fyrir eignarhlutum í öðrum félögum og matsaðferðum í skýringum 5 og 6.

### 5 Flokkun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignir og fjárskuldir eru flokkaðar í sérstaka flokka sem segja til um hvernig meta skuli þær eftir upphaflega skráningu þeirra. Um síðara mat hvers flokks fer sem hér segir:

- Lán og kröfur, metnar á afskrifuðu kostnaðarverði;
- Fjáreignir sem tilgreindar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning, metnar á gangvirði;
- Aðrar fjárskuldir, metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Taflan hér á eftir sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda félagsins í samræmi við IFRS 9 og gangvirði þeirra.

Árið 2018	Lán og kröfur	Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	Skuldir á afskrifuðu kostnaðar- verði	Samtals bókfært verð
<b>Fjáreignir félagsins</b>				
Eignarhlutir í dótturfélögum .....		1.988.806.309		1.988.806.309
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		483.726.203		483.726.203
Lán til tengdra félaga .....	1.132.935.678			1.132.935.678
Skammtímakröfur .....	3.077.234			3.077.234
Handbært fé .....	21.490.927			21.490.927
<b>Samtals</b>	<b>1.157.503.839</b>	<b>2.472.532.512</b>		<b>3.630.036.351</b>
<b>Fjárskuldir félagsins</b>				
Skuldir við lánastofnanir .....			0	0
Skuldir við tengd félög .....			159.465.739	159.465.739
Aðrar skammtímaskuldir .....			15.741.180	15.741.180
<b>Samtals</b>			<b>175.206.919</b>	<b>175.206.919</b>
<b>Árið 2017</b>				
<b>Fjáreignir félagsins</b>				
Eignarhlutir í dótturfélögum .....		1.460.546.823		1.460.546.823
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		432.401.737		432.401.737
Lán til tengdra félaga .....	51.369.000			51.369.000
Skammtímakröfur .....	14.648			14.648
Handbært fé .....	4.320.856			4.320.856
<b>Samtals</b>	<b>55.704.504</b>	<b>1.892.948.560</b>		<b>1.948.653.064</b>
<b>Fjárskuldir félagsins</b>				
Skuldir við lánastofnanir .....			60.015.583	60.015.583
Skuldir við tengd félög .....			8.722.019	8.722.019
Aðrar skammtímaskuldir .....			1.810.233	1.810.233
<b>Samtals</b>			<b>70.547.835</b>	<b>70.547.835</b>

## Skýringar

### 6 Gangvirði fjáreigna og fjárskulda

#### a Þrepaskipting gangvirðis

Gangvirði er skipt í þrjá flokka eftir því hvort aðferðirnar sem eru notaðar við ákvörðun gangvirðis byggja á markaðsgögnum eða ekki. Markaðsgögn endurspeglar markaðsupplýsingar frá óháðum aðilum. Gangvirði sem byggir ekki á markaðsgögnum byggja á forsendum sem félagið gefur sér. Byggt á þessum tveimur tegundum breyta er þrepaskipting gangvirðis ákvörðuð þannig:

- Þrep 1 - Uppgefið verð á virkum markaði. Hér er um að ræða skráð hlutabréf og skuldabréf í kauphöllum.
- Þrep 2 - Hér er verð byggt á gögnum, öðrum en uppgefnum verðum eins og í þrepi 1, sem þó eru aðgengileg á markaði, annað hvort beint eða óbeint. Gögn sem notuð eru við gangvirðisútreikninga hér geta verið t.d. LIBOR vaxtakúrfa og lánshæfismat mótaðila.
- Þrep 3 - Hér fellur undir gangvirði eigna og skulda sem ekki byggir á markaðsgögnum. Hér er aðallega um að ræða hlutabréf og skuldabréf sem verðmetin eru út frá gögnum sem eru að verulegu leyti óaðgengileg á markaði.

Eftirfarandi tafla sýnir þrepaskiptingu við ákvörðun gangvirðis þeirra fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í reikningsskil félagsins. Félagið birtir ekki gangvirði annarra fjáreigna þar sem bókfært verð þeirra er talið endurspeglar gangvirðið.

Árið 2018	3. þrep
Eignarhlutir í dótturfélögum .....	1.988.806.309
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	483.726.203
	<u>2.472.532.512</u>
Árið 2017	
Eignarhlutir í dótturfélögum .....	1.460.546.823
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	432.401.737
	<u>1.892.948.560</u>

Breyting á fjáreignum félagsins sem falla í 3. þrep gangvirðis.

	Eignarhlutir í dótturfélögum	Eignarhlutir í hlutdeildarf.	Samtals
Árið 2018			
Staða í upphafi .....	1.460.546.823	432.401.737	1.892.948.560
Kaup .....	138.268.615	0	138.268.615
Gangvirðisbreyting færð í rekstrarreikning .....	389.990.870	61.324.466	451.315.336
Bókfært verð í árslok .....	<u>1.988.806.309</u>	<u>483.726.203</u>	<u>2.472.532.512</u>

Þar af eru uppsafnaðar óinnleystar gagnvirðisbreytingar sem hafa verið færðar í rekstrarreikning 492.424.879

	Eignarhlutir í dótturfélögum	Eignarhlutir í hlutdeildarf.	Samtals
Árið 2017			
Kaup .....	1.460.546.823	391.292.194	1.851.839.017
Gangvirðisbreyting færð í rekstrarreikning .....	0	41.109.543	41.109.543
Bókfært verð í árslok .....	<u>1.460.546.823</u>	<u>432.401.737</u>	<u>1.892.948.560</u>

Þar af eru uppsafnaðar óinnleystar gagnvirðisbreytingar sem hafa verið færðar í rekstrarreikning 41.109.543



## Skýringar

### b Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast á eftirfarandi hátt:

		Eignarhlut- deild í %	Nafnverð	Bókfært verð	
	Staðsetning			31.12.2018	31.12.2017
Dótturfélög:					
U 14-20 ehf. ....	Reykjavík	100,00%	500.000	178.519.838	89.298.707
U22 ehf. ....	Reykjavík	100,00%	500.000	88.574.030	80.918.440
U24 ehf. ....	Reykjavík	100,00%	500.000	89.714.900	80.008.182
U26 ehf. ....	Reykjavík	100,00%	500.000	61.268.383	53.415.994
Þróunarfélagið Hnoðraholt ehf. ....	Reykjavík	100,00%	109.000.000	1.233.302.063	1.009.905.500
Vesturbugt eignarhaldsfélag ehf. ..	Reykjavík	59,50%	1.470.000	149.000.000	147.000.000
Fasteignastýring ehf. ....	Reykjavík	100,00%	500.000	1	0
Steinsteypan ehf. ....	Reykjavík	50,00%	70.059.096	188.427.094	0
				1.988.806.309	1.460.546.823
Hlutdeildarfélög:					
Kársnesbyggð ehf. ....	Reykjavík	49,99%	188.384.034	282.409.363	237.991.877
Nes Þróunarfélag hf. ....	Reykjavík	32,70%	1.635.000	201.316.840	194.409.860
				483.726.203	432.401.737

### c Verðmatsaðferðir og forsendur sem ekki byggja á markaðsupplýsingum

Félagið á eignarhluti í tíu félögum sem voru keyptir á árinu 2017 og fram til loka 2018. Í öllum félögunum fer fram fasteignapróun sem felst í uppbyggingu fasteigna og fasteignafélaga að undanskyldri Steinsteypunni ehf. sem sér um rekstur steinsteypustöðvar og Fasteignastýringar ehf. sem er ekki í rekstri.

Kaldalón hf. metur virði félaganna út frá nokkrum þáttum. Í þeim tilvikum sem greitt hefur verið fyrir hönnun, jarðvinnu eða gatnagerðargjöld er sá kostnaður eignfærður og bætist við kaupverð lóðanna. Hvað varðar verkefni þar sem byggingaframkvæmdir eru hafnar með sökklum er framvinda metin samkvæmt verk- og kostnaðaráætlun og heildarframlegð verkefnisins metin samkvæmt áætluðu söluverði að frádreginni kostnaðaráætlun verkefna. Áætlað söluverð er byggt á verðmati löggiltra fasteignasala. Gangvirðisaukning hvers tíma er vænt heildarframlegð verkefnis eftir skatta að teknu tilliti til framvindu, og að frádreginni 25% varúðarfærslu. U 14-20 ehf. og Kárnesbyggð ehf. er einu félögin sem metið er með slíkum hætti miðað við 31.12.2018.

Gangvirði félaganna U22 ehf., U24 ehf., U26 ehf., Þróunarfélagið Hnoðraholt ehf., Vesturbugt eignarhaldsfélag ehf. er metið út frá upprunalegum kaupverði að viðbættum framkvæmdakostnaði sem hefur fallið til.

Gangvirði félaganna Steinsteypan ehf. og Nes Þróunarfélag hf. er metið út frá upprunalegum kaupverði að viðbættum framkvæmdakostnaði sem hefur fallið til ásamt endurmati lóða félaganna. Endurmat lóða byggir á mati óháðs fasteignasala.

Mikilvægasta breytan við mat á eignum Kaldalóns er lóðaverð. Við 10% lækkun á markaðsvirði lóða lækkar eigið fé Kaldalóns um 258.990 þús. krónur og við 10% hækkun á markaðsverði lóða hækkar eigið fé félagsins um sömu fjárhæð. Breytingar á framlegð byggingaverkefna hafa nú minni áhrif á eiginfjárstöðu Kaldalóns en 10% lækkun framlegðar lækkar eigið fé um 148.003 þús. krónur og 10% hækkun framlegðar hækkar eigið fé félagsins um 148.003 þús.kr.

### 7 Fasteignir og lóðir

Félagið fjárfesti í lóð í Vogabyggð. Fjárfesting félagsins er færð á kostnaðarverði, kr. 110.806.000. Í kaupsamningi vegna lóðarinnar eru kvaðir um greiðslu 531 m.kr. eftir því sem hverfinu vindur fram og afhendingu annarra eigna dótturfélagsins U14-20 ehf.

## Skýringar

### 8 Skuldir við lánastofnanir

Á árinu endurfjármagnaði félagið lán sitt hjá Kviku banka hf. Lánið er nú á gjalddaga 31.01.2020 og skal höfuðstóll og vextir greiðast í einu lagi þann dag. Vaxtakjör lánsins eru REIBOR 1M með 4% vaxtaálagi. Skuldir félagsins við lánastofnanir eru tryggðar með veðum í fasteignum dótturfélaga félagsins U22 ehf., U24 ehf. og U26 ehf. Félagið hefur einnig undirritað yfirlýsingu um kvöð að félagið muni ekki nema með skriflegu samþykki Kviku banka hf. veðsetja neinar núverandi eignir sínar eða eignir sem félagið kann að eignast síðar.

Skuldir við lánastofnanir greinast á eftirfarandi hátt:	2018	2017
Staða í ársbyrjun .....	60.015.583	0
Tekin ný lán .....	303.000.000	60.000.000
Greitt af lánum .....	(60.015.583)	0
Áfallnir vextir .....	7.631.392	15.583
	<u>310.631.392</u>	<u>60.015.583</u>

Skuldir við lánastofnanir flokkast til langstíma í ársreikningi félagsins þar sem skuldirnar eru á gjalddaga eftir 12 mánuði eða lengur.

Kvika banki hf. er flokkaður sem tengdur aðili vegna umsýslusamningi, sjá nánari upplýsingar í skýringum 9 og 10.

### 9 Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti milli Kaldalóns hf., eigenda þess og félaga tengdum þeim uppfylla skilyrði skilgreiningar um viðskipti við tengda aðila. Skilmálar og skilyrði þessa viðskipta voru ákveðin í samræmi við markaðsstaðla og venjur. Í eftirfarandi töflu kemur fram fjárhæð þessa viðskipta og staða eigna og skulda í árslok.

Engin viðskipti sem uppfylla skilgreiningar um viðskipti við tengda aðila voru við stjórnarmenn eða aðila þeim nátengdum fjölskylduböndum, eða fyrirtækja í þeirra eigu á árinu.

Árið 2018	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
U22 ehf. ....	3.703.307		98.526.307	
U24 ehf. ....	1.869.238		40.487.238	
U26 ehf. ....	1.380.999		22.373.999	
U14-20 ehf. ....	17.585.093		770.411.201	
Þróunarfélagið Hnoðraholt ehf. ....		(3.737.229)	0	(109.837.229)
Kársnesbyggð ehf. ....	10.135.233		153.135.233	
Vesturbugt eignarhaldsfélag ....			48.001.700	
Kvika banki hf. ....	2.623.793	(80.901.912)	21.490.927	(360.259.902)
	<u>37.297.663</u>	<u>(84.639.141)</u>	<u>1.154.426.605</u>	<u>(470.097.131)</u>
Árið 2017				
U22 ehf. ....			17.123.000	
U24 ehf. ....			17.123.000	
U26 ehf. ....			17.123.000	
Kvika banki hf. ....	73.244	(8.797.602)	4.320.856	(68.737.602)
	<u>73.244</u>	<u>(8.797.602)</u>	<u>55.689.856</u>	<u>(68.737.602)</u>

Allir ofangreindir tengdir aðilar félagsins eru dóttur- eða hlutdeildarfélag að undanskilyldum Kviku banka hf. sem er umsýsluaðili félagsins.

Lánasamningar milli Kaldalóns hf. og dótturfélaga bera 7,5% vexti og skulu greiðast í einni greiðslu 15. janúar 2020. Lánasamningar milli Kaldalóns hf. og hlutdeildarfélag þess bera 12% vexti og skulu greiðast í einni greiðslu 15. janúar 2020.



## Skýringar

### 10 Umsýslupóknun

Rekstraraðili annast rekstur og stýringu á eignum félagsins og veitir því ráðgjöf og þjónustu í samræmi við ákvarðanir stjórnar félagsins. Fyrir þjónustu sína fær rekstraraðili greidda árlega eignastýringarpóknun sem nema skal 2% á ársgrundvelli af heildarvirði eigin fjár félagsins. Þóknunin skal reiknuð ársfjórðungslega og greidd eftir á í lok hvers ársfjórðungs.

### 11 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Til vaxtatekna og vaxtagjalda sem færðar eru í yfirlit yfir heildarafkomu teljast vextir af handbæru fé, vextir af skuldabréfum og vaxtagjöld af skuldum

### 12 Tekjuskattur

Félagið var stofnað sem samlagshlutafélag og ósjálfstæður skattaðili. Félagið var því skattlagt með eignum sínum á árinu 2017. Frá og með ársbyrjun 2018 er félagið hlutafélag og sjálfstæður skattaðili.

Tekjuskattur er reiknaður en ekki færður í ársreikninginn þar sem aðaltekjur félagsins, tekjur af hlutabréfum, eru undanþegnar tekjuskatti. Því verður til hjá félaginu yfirfæranlegt tap sem greinist þannig:

Skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028 .....	62.947.112
--	------------

Félagið er samskattað með dótturfélögum sínum.

### 13 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

### 14 Eigið fé

Hlutafé er flokkað sem eigið fé.

Á bundinn eiginfjárreikning eru færðar óinnleystar gangvirðisbreytingar, að teknu tilliti til skattaáhrifa ef við á, vegna fjáreigna sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og óheimilt er að ráðstafa til eigenda í formi arðs.

Óráðstafað eigið fé er sá hluti af eigin fé félagsins sem hægt er að ráðstafa til hluthafa í formi arðs.

### 15 Hlutafé

Í lok tímabilsins nam hlutafé félagsins 2.843 millj. kr. og var óverulegur hluti ógreiddur um áramót. Hlutafé félagsins var annars vegar greitt með peningum 1.093 millj. kr. og hins vegar með eignarhlutum í dótturfélögum í öðrum félögum að fjárhæð 1.750 millj. kr.

Á árinu 2018 nýtti stjórn heimild í samþykktum félagsins og tók ákvörðun um að hækka hlutafé um samtals 989 millj. kr. að nafnverði á genginu 1, og varð hlutafé félagsins því 2.843 millj. kr. í kjölfar hækkanna.

	31.12.2018	31.12.2017
Útgefið hlutafé samkvæmt samþykktum .....	2.842.720.837	1.854.172.350

Félagið á eigin hluti að nafnverði 30.100.000 kr. eða 1,058% af útgefnu hlutafé. Ástæða þess að félagið eignaðist eigin hluti er til endursölu.

## Skýringar

### 16 Áhættustýring

Félagið stendur frammi fyrir eftirfarandi megin áhættum vegna fjármálagerninga:

- Markaðsáhætta
- Hlutabréfaáhætta (verðáhætta)
- Vaxtaáhætta

Kaldalón hf. ver ekki markaðsáhattu félagsins. Markaðsáhætta er hættan á að verðbreytingar á mörkuðum hafi neikvæð áhrif á gangvirði og framtíðarsjóðstreymi fjármálagerninga. Markaðsáhætta er tilkomin vegna opinnar stöðu í hlutabréfum og vaxtaberandi gerningum, en slíkir fjármálagerningar eru næmir fyrir almennum og sértækum markaðsbreytingum og flökti í markaðsbreytum, til dæmis vöxtum, skuldaraálagi og hlutabréfaverði.

# **Kaldalón byggingar hf.**

## Ársreikningur 2017

Kaldalón byggingar hf.  
Borgartún 25  
105 Reykjavík

kt. 490617-1320

# Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar .....	1
Áritun óháðs endurskoðanda .....	2
Rekstrarreikningur .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Eiginfjárfirlit .....	5
Sjóðstreymi .....	6
Skýringar .....	7

## Skýrsla og áritun stjórnar

Kaldalón byggingar hf. var stofnað á árinu 2017. Félagið var í upphafi skráð sem samlagshlutafélag en samþykktum og félagsformi þess breytt í árslok 2017 í hlutafélag.

Tilgangur félagsins er fjárfestingastarfsemi, þ.m.t. fasteignaþróun, kaup, sala, rekstur, eignarhald, umsýsla og uppbygging fasteigna og fasteignafélaga, lánastarfsemi ásamt kaupum og sölu félaga, fjármálagerninga, ýmiss konar skuldaviðurkenninga, s.s. lánessamninga, allt í tengslum við fasteignaviðskipti, fasteignaþróun eða fjármögnun byggingaframkvæmda og annar skyldur rekstur.

Félagið flokkast sem fjárfestingafélag samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Félagið gerir ekki samstæðureikning heldur metur eignir í dóttur- og hlutdeildarfélögum á gangvirði og færir gangvirðisbreytingar í rekstrarreikning.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2017 að fjárhæð 23.933 þús.kr. Eigið fé félagsins nam 1.878.105 þús.kr. í árslok 2017.

Þann 14. febrúar 2018 nýtti stjórn heimild í samþykktum félagsins og tók ákvörðun um að hækka hlutafé um 333.333 þús. kr. að nafnverði á genginu 1, og varð hlutafé félagsins því 2.187.505 þús. kr. í kjölfar hækunarinnar.

Eigendur í árslok voru níu, en þeir eru eftirfarandi:

Hluthafi	Eignarhlutur
RES ehf. ....	45,6%
RPF ehf. ....	16,3%
Kvika banki hf. ....	10,5%
Loran ehf. ....	9,3%
Premier eignarhaldsfélag ehf. ....	9,3%
GG optic ehf. ....	5,4%
Mjósund 10 ehf. ....	1,8%
Sindrandi ehf. ....	1,8%
Straumur eignarhaldsfélag ehf. ....	0,0%

Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá félaginu á árinu. Félagið hefur gert samning um eignastýringu og umsjón með daglegum rekstri við Kviku banka hf.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2018 vegna rekstrar ársins 2017. Að öðru leyti vísar stjórnin til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

### Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2017 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé á árinu og breytingu á eigin fé á árinu.

Stjórn hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2017 og staðfestir hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 2 / 5 2018

Stjórn

*Vænfræm*  
*Ásgeir Baldur*  
*Elfi R. Elfi*

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Kaldalóns bygginga hf.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Kaldalóns bygginga hf. („félagið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirilt, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðumum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjórnar eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil víska en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beittum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- \* Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- \* Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- \* Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- \* Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- \* Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 2 / 5 2018

KPMG ehf.

# Rekstrarreikningur

	Skýringar	2017
<b>Fjárfestingatekjur</b>		
Gangvirðisbreyting eignarhluta í félögum .....	6	41.109.543
Vaxtatekjur .....		73.244
Vaxtagjöld .....		(77.283)
<b>Hreinar fjárfestingartekjur</b>		41.105.504
<b>Rekstrarkostnaður</b>		
Rekstrarkostnaður .....		(17.172.625)
Rekstrarkostnaður samtals		(17.172.625)
<b>Hagnaður ársins</b>		23.932.879

Skýringar á bls. 7 til 10 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.



## Efnahagsreikningur

Eignir	Skýringar	31.12.2017
Eignarhlutir í dótturfélögum .....	5, 6	1.460.546.823
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	5, 6	432.401.737
Lán til tengdra félaga .....		51.369.000
Skammtímakröfur .....		14.648
Handbært fé .....	10	4.320.856
<b>Eignir samtals</b>		<b>1.948.653.064</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
Hlutfé .....		1.854.172.350
Gangvirkisreikningur .....		41.109.543
Ójafnað eigið fé .....		(17.176.664)
<b>Eigið fé samtals</b>	11, 12	<b>1.878.105.229</b>
Skuldir við lánastofnanir .....		60.015.583
Viðskiptaskuldir .....		10.532.252
<b>Skuldir samtals</b>		<b>70.547.835</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>1.948.653.064</b>

Skýringar á bls. 7 til 10 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

## Eiginfjáryfirlit

1. janúar 2017 til 31. desember 2017	Skýringar	Hlutfé	Gangvirðis- reikningur	Ójafnað eigið fé	Samtals
Selt hlutfé á árinu .....		1.854.172.350	0	0	1.854.172.350
Hagnaður ársins .....			41.109.543	(17.176.664)	23.932.879
<b>Eigið fé 31. desember 2017</b>		1.854.172.350	41.109.543	(17.176.664)	1.878.105.229

Skýringar á bls. 7 til 10 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

## Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2017
Hagnaður ársins .....		23.932.879
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:		
Gangvirðisbreyting eignarhluta í félögum .....		(41.109.543)
		(17.176.664)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....		10.517.604
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<b>(6.659.060)</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Keyptir eignarhlutir í dótturfélögum .....		(147.000.000)
Lán til tengdra aðila .....		(51.369.000)
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		<b>(198.369.000)</b>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>		
Lánasamningar, breyting .....		60.015.583
Innborgað hlutafé .....	12	149.333.333
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>		<b>209.348.916</b>
Handbært fé við stofnun .....		0
Breyting handbærs fjár .....		4.320.856
<b>Handbært fé í árslok</b>		<b>4.320.856</b>
<b>Fjárfestinga- og fjármögnunarahreyfingar sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi</b>		
Keyptir eignarhlutir í dótturfélagi .....		(1.313.546.823)
Keyptir eignarhlutir í hlutdeildarfélagi .....		(391.292.194)
Hlutfjárhækkun .....		1.704.839.017

Skýringar á bls. 7 til 10 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

### 1. Félagið

Kaldalón byggingar hf., hér eftir nefnt félagið, er íslenskt hlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þess er Borgartún 25, Reykjavík.

Tilgangur félagsins er fjárfestingastarfsemi, þ.m.t. fasteignaþróun, kaup, sala, rekstur, eignarhald, umsýsla og uppbygging fasteigna og fasteignafélaga, lánastarfsemi ásamt kaupum og sölu félaga, fjármálagerninga, ýmiss konar skuldaviðurkenninga, s.s. lánsamninga, allt í tengslum við fasteignaviðskipti, fasteignaþróun eða fjármögnun byggingaframkvæmda og annar skyldur rekstur.

## Reikningsskilaaðferðir

### 2. Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningur félagsins er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins staðfestu ársreikninginn með undirritun sinni þann 2. maí 2018.

### 3. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Til að auka upplýsingagildi ársreikningsins eru skýringar við hann birtar á grundvelli þess hversu viðeigandi og mikilvægar þær eru fyrir lesandann. Það þýðir að upplýsingar sem metnar eru hvorki mikilvægar né viðeigandi fyrir notanda reikningsskilanna eru ekki birtar í skýringum.

Félagið telst fjárfestingarfélag samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, en félagið stýrir eignasafni sínu á grundvelli gangvirðis og hefur eingöngu tekjur af fjárfestingum sínum gegnum gangvirðisbreytingar og aðrar tekjur af fjárfestingum. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverði að því undanskildu að eignarhluti í dóttur- og hlutdeildarfélögum og veltufjáreignir eru færðar á gangvirði. Félagið gerir ekki samstæðustæðureikning.

### 4. Mat og ákvarðanir

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað. Matsóvissa félagsins felst að lang mestu leyti í ákvörðun gangvirðis eignarhluta þess í öðrum félögum. Gerð er grein fyrir eignarhlutum í öðrum félögum og matsaðferðum í skýringum 5 og 6.

### 5. Flokkun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignir og fjárskuldir eru flokkaðar í sérstaka flokka sem segja til um hvernig meta skuli þær eftir upphaflega skráningu þeirra. Um síðara mat hvers flokks fer sem hér segir:

- Lán og kröfur, metnar á afskrifuðu kostnaðarverði;
- Veltufjáreignir og veltufjárskuldir, metnar á gangvirði;
- Fjáreignir sem tilgreindar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning, metnar á gangvirði;
- Aðrar fjárskuldir, metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Taflan hér á eftir sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda félagsins í samræmi við IAS 39 og gangvirði þeirra.

	Lán og kröfur	Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	Skuldir á afskrifuðu kostnaðarverði	Samtals bókfært verð
<b>Fjáreignir félagsins</b>				
Eignarhlutir í dótturfélögum .....		1.460.546.823		1.460.546.823
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		432.401.737		432.401.737
Lán til tengdra félaga .....	51.369.000			51.369.000
Skammtímakröfur .....	14.648			14.648
Handbært fé .....	4.320.856			4.320.856
<b>Samtals</b>	55.704.504	1.892.948.560	0	1.948.653.064
<b>Fjárskuldir félagsins</b>				
Skuldir við lánastofnanir .....			60.015.583	60.015.583
Viðskiptaskuldir .....			10.532.252	10.532.252
<b>Samtals</b>	0	0	70.547.835	70.547.835

# Skýringar

## 6. Gangvirði fjáreigna og fjárskulda

### a. Þrepaskipting gangvirðis

Gangvirði er skipt í þrjá flokka eftir því hvort aðferðirnar sem eru notaðar við ákvörðun gangvirðis byggja á markaðsgögnum eða ekki. Markaðsgögn endurspegla markaðsupplýsingar frá óháðum aðilum. Gangvirði sem byggir ekki á markaðsgögnum byggja á forsendum sem félagið gefur sér. Byggt á þessum tveimur tegundum breyta, er þrepaskipting gangvirðis ákvörðuð þannig:

- Prep 1 - Uppgefið verð á virkum markaði. Hér er um að ræða skráð hlutabréf og skuldabréf í kauphöllum.
- Prep 2 - Hér er verð byggt á gögnum, öðrum en uppgefnum verðum eins og í þrepi 1, sem þó eru aðgengileg á markaði, annað hvort beint eða óbeint. Gögn sem notuð eru við gangvirðisútreikninga hér geta verið t.d. LIBOR vaxtakúrfa og lánshæfismat mótaðila.
- Prep 3 - Hér fellur undir gangvirði eigna og skulda sem ekki byggir á markaðsgögnum. Hér er aðallega um að ræða hlutabréf og skuldabréf sem verðmetin eru út frá gögnum sem eru að verulegu leyti óaðgengileg á markaði.

Eftirfarandi töflur sýna þrepaskiptingu við ákvörðun gangvirðis þeirra fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í reikningsskil félagsins. Félagið birtir ekki gangvirði annarra fjáreigna þar sem bókfært verð þeirra er talið endurspegla gangvirðið.

### 3. þrep

#### 31.12.2017

Eignarhlutir í dótturfélögum .....	1.460.546.823
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	432.401.737
	1.892.948.560

Eftirfarandi er afstemming frá upphafi til loka tímabilsins á fjáreignum og fjárskuldum félagsins sem falla í 3. þrep gangvirðis.

	Eignarhlutir í dótturf.	Eignarhlutir í hlutdeildarf.
Kaup .....	1.460.546.823	391.292.194
Gangvirðisbreyting færð í rekstrarreikning .....	0	41.109.543
<b>Bókfært verð 31. desember 2017</b>	<b>1.460.546.823</b>	<b>432.401.737</b>

### b. Eignarhlutir í félögum

Dótturfélög	Staðsetning	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært virði
U 14-20 ehf. ....	Reykjavík	100,00%	500.000	89.298.707
U22 ehf. ....	Reykjavík	100,00%	500.000	80.918.440
U24 ehf. ....	Reykjavík	100,00%	500.000	80.008.182
U26 ehf. ....	Reykjavík	100,00%	500.000	53.415.994
Þróunarfélagið Hnoðraholt ehf. ....	Reykjavík	100,00%	1.000.000	1.009.905.500
Vesturbugt eignarhaldsfélag ehf. ....	Reykjavík	59,50%	1.470.000	147.000.000
<b>Samtals</b>			<b>4.470.000</b>	<b>1.460.546.823</b>

Hlutdeildarfélög	Staðsetning	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært virði
Kársnesbyggð ehf. ....	Reykjavík	49,99%	188.376.718	237.991.877
Nes Þróunarfélag slhf. ....	Reykjavík	32,70%	1.633.333	194.409.860
<b>Samtals</b>			<b>190.010.051</b>	<b>432.401.737</b>

<b>Dóttur- og hlutdeildarfélög samtals</b>	<b>194.480.051</b>	<b>1.892.948.560</b>
--	--------------------	----------------------

Öll dótturfélögin og hlutdeildarfélögin eru félög utan um fasteignaverkefni.

### c. Verðmatsaðferðir og forsendur sem ekki byggja á markaðsupplýsingum

Félagið á eignarhluti í átta félögum. Gangvirði hvers þeirra er metið með veðmatslíkani sem félagið telur best eiga við í hverju tilviki fyrir sig. Eignarhlutirnir eru því ekki allir metnir með sama hætti. Fjárfest var í öllum félögunum á árinu og er kaupverð þeirra talið besta nálgun á gangvirði þeirra. Í einu félagi er þó tekið tillit til framvindu varðandi byggingaframkvæmdir á frá kaupdegi til ársloka.

## Skýringar

### 7. Umsýslubóknun

Rekstraraðili annast rekstur og stýringu á eignum félagsins og veitir því ráðgjöf og þjónustu í samræmi við ákvarðanir stjórnar félagsins. Fyrir þjónustu sína fær rekstraraðili greidda árlega eignastýringarþóknun sem nema skal 2% á ársgrundvelli af heildarvirði eigna félagsins. Þóknunin skal reiknuð ársfjórðungslega og greidd eftir á í lok hvers ársfjórðungs.

### 8. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Til vaxtatekna og vaxtagjalda sem færðar eru í yfirlit yfir heildarafkomu teljast:

- vextir af handbæru fé
- vextir af skuldabréfi
- vaxtagjöld af skuldum.

### 9. Tekjuskattur

Félagið var stofnað sem samlagshlutafélag og ósjálfstæður skattaðili. Félagið er því skattlagt með eignum sínu á árinu 2017. Frá og með ársbyrjun 2018 er félagið hlutafélag og sjálfstæður skattaðili.

### 10. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

### 11. Eigið fé

#### a. Hlutfé

Hlutfé er flokkað sem eigið fé.

#### b. Gangvirðisreikningur

Á gangvirðisreikning er færður óinnleystur gengishagnaður vegna fjáreigna sem tilgreindar eru á gangvirði í reikningskilum félagsins og óheimilt er að ráðstafa til eigna í formi arðs.

#### c. Óráðstafað (ójafnað) eigið fé

Óráðstafað (ójafnað) eigið fé er sá hluti af eigin fé félagsins sem hægt er að ráðstafa til hluthafa í formi arðs.

### 12. Hlutfé

Félagið var stofnað á árinu. Í árslok nam hlutfé félagsins 1.854 millj. kr. Hlutfé félagsins var annars vegar greitt með peningum 147 millj. kr. og hins vegar með eignarhlutum í dótturfélögum og öðru félögum að fjárhæð 1.707 millj. kr.

Hlutfé

**31.12.2017**

Útgefið hlutfé samkvæmt samþykktum ..... 1.854.172.350

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

### 13. Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti milli Kaldalóns bygginga hf. og eignum þess og félaga tengdum þeim uppfylla skilyrði skilgreiningar um viðskipti við tengda aðila. Skilmálar og skilyrði þessa viðskipta voru ákveðin í samræmi við markaðsstaðla og venjur. Í eftirfarandi töflu kemur fram fjárhæð þessa viðskipta og staða eigna og skulda í árslok 2017.

Engin viðskipti sem uppfylla skilgreiningar um viðskipti við tengda aðila voru við stjórnarmenn eða aðila þeim nátengdum fjölskylduböndum, eða fyrirtækja í þeirra eigu á árinu 2017.

2017	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
U22 ehf. ....			17.123.000	
U24 ehf. ....			17.123.000	
U26 ehf. ....			17.123.000	
Kvika banki hf. ....	73.244	(8.797.602)	4.320.856	(60.015.583)
<b>Samtals</b>	<b>73.244</b>	<b>(8.797.602)</b>	<b>55.689.856</b>	<b>(60.015.583)</b>

## Skýringar

### 14. Áhættustýring

Félagið stendur frammi fyrir eftirfarandi megin áhættum vegna fjármálagerninga:

Markaðsáhætta

- Hlutabréfaáhætta (verðáhætta)
- Vaxtaáhætta

Kaldalón byggingar hf. ver ekki markaðsáhættu félagsins. Markaðsáhætta er hættan á að verðbreytingar á mörkuðum hafi neikvæð áhrif á gangvirði og framtíðarsjóðstreymi fjármálagerninga. Markaðsáhætta er tilkomin vegna opinna staða í hlutabréfum og vaxtaberandi gerningum, en slíkir fjármálagerningar eru næmir fyrir almennum og sértækum markaðsbreytingum og flökti í markaðsbreytum, til dæmis vöxtum, skuldaraálagi og hlutabréfaverði.

### 15. Nýir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og hafa tekið gildi frá og með reikningsárinu sem hófst 1. janúar 2017 og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir 31. desember 2017 en heimilt er að taka upp fyrr.

Eini ný staðalinn sem skiptir einhverju máli fyrir félagið er IFRS 9, *Fjármálagerningar*. Staðalinn mun hafa áhrif á flokkun eigna og skulda, en óveruleg áhrif á rekstur eða efnahag félagsins. Staðalinn tekur gildi 1. janúar 2018.